



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1728  
komudagur 16.3.2011

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 14. mars 2011  
Tilv.: 1103052

**Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, þskj. 363- 304. mál.**

Umsögnina gerði Hreiðar Þór Valtýsson M. Sc., forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við Háskólann á Akureyri.

Í grundvallaratriðum er það trú okkar að styrkur væri að því fyrir fiskveiðistjórnun á Íslandi að hafa nefnd af þessu tagi, sé tryggt að niðurstöður hennar um aflaráðgjöf séu studdar skýrum rökum og tölulegri greiningu.

Sú hætta er vel þekkt við stjórn fiskveiða að bæta alltaf aðeins við ráðlagðan afla, sé slíkt innan fyrirfram ákveðinna skekkjumarka. Ef það er hóflegt hefur það lítil áhrif á ástand stofns til skemmri tíma. Til lengri tíma getur þetta hinsvegar verið varasamt því tilhneigingin er að fara í efri hluta skekkjumarkanna. Gerist það ár eftir ár er hætta á ofveiði. Slíkt er vel þekkt til dæmis í Norðursjó þar sem mjög margir aðilar koma að ákvörðun um heildarafla og mjög oft mikill þrýstingur að veiða umfram ráðgjöf.

Aflaráðgefandi nefnd getur einnig byggt ráðgjöf sína á efnahagslegum og félagslegum forsendum, nokkuð sem Hafrannsóknastofnunin getur ekki og á ekki að taka tillit til. Þær forsendur verða þó að taka tillit til afrakstursgetu stofnana til lengri tíma. Við viljum líka velta þeirri spurningu upp hvað gerist ef ágreiningur er innan nefndarinnar og ekki næst sátt um ráðlagðan afla. Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar við frumvarpið.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri,

Stefán B. Sigurðsson, rektor